

**Erla Guðrún Kristjánsdóttir**

Engjavegur 26,
800 Selfoss

Efni: Tilkynning um niðurfellingu, Bugðustaðavegur, 5808-01 af vegaskrá

Vegagerðin er veghaldari þjóðvega og hefur það hlutverk skv. 7. gr. vegalaga nr. 80/2007 að halda vegaskrá sem er skrá yfir alla þjóðvegi. Með bréfi þessu vill Vegagerðin vekja athygli á ákvæði c. liðar 2. mgr. 8. gr. vegalaga nr. 80/2007, um héraðsvegi sem er einn flokkur þjóðvega:

Héraðsvegir eru vegir sem liggja að býlum, starfrækslu atvinnufyrirtækja, kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum utan þéttbýlis, eru ákveðnir í staðfestu skipulagi og taldir upp í vegaskrá. Landeigandi skal þó kosta og vera veghaldari síðustu 50 m að framangreindum stöðum ef vegur endar þar.

Síða 1/1

Bugðustaðir, Dalabyggð landnr. 137905.

Samkvæmt upplýsingum Vegagerðarinnar er föst búseta ekki lengur fyrir hendi og uppfyllir vegurinn því ekki tilgreint skilyrði þess að teljast til þjóðvega. Samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 774/2010 um héraðsvegi með síðari breytingum, sbr. 3. mgr. 8. gr. vegalaga, er Vegagerðinni skylt að fella veg úr tölu héraðsvega og afskrá úr vegaskrá uppfylli hann ekki lengur skilyrði vegalaga um þjóðvegi. Með vísan til þess er áformað að fella Bugðustaðaveg (5808-01) af vegaskrá frá og með næstu áramótum og mun viðhald og þjónusta hans ekki lengur verða á ábyrgð Vegagerðarinnar frá þeim tíma.

Gefinn er hér með kostur á að koma að athugasemdum við hina fyrirhuguðu ákvörðun og skulu þær berast Vegagerðinni, (Sigurður Friðgeir Friðriksson), Borgarbraut 66, 310 Borgarnesi, sigurdur.f.fridriksson@vegagerdin.is) innan fjögurra vikna frá dagsetningu þessa bréfs.

Sé óskað eftir því að fá veginn aftur inn á vegaskrá þarf eingöngu að skila inn staðfestingu á lögheimilisskráningu og staðfestingu sveitarfélags á fastri búsetu til Vegagerðarinnar.

Afrit: Dalabyggð

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar
Sigurður Friðgeir Friðriksson

Undirskrift

SIGURÐUR FRIÐGEIR

Vegagerðin
Súðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is